

Gönguferð um hið dásamlega Toskana hérað á Ítalíu.

Náttúra, menning, saga og andleg upplifun fléttast saman í þessari ferð.

Við göngum í fótspor Guðríðar landkönnuðar og förum hluta af pílagrímsleið hennar til Rómar. Guðríður Þorbjarnardóttir er ein af athyglisverðustu persónum í íslenskri sögu. Hún er talin vera víðförlasta kona þess tíma er hún var uppi í kringum árið 1000. Sögur herma að hún hafi siglt 8 sinnum yfir úthöf. Eftir að hún varð ekkja í annað sinn ákvað hún að fara í pílagrímsferð til Rómar, en hún var kristin trúar. Það fór reyndar svo að eftir að hún kom heim aftur gerðist hún nunna. Heimildarmyndin „The Far Traveller“ sem kom út á árinu 2020 fjallar um ævi Guðríðar og ferðir hennar um heiminn. Guðríður er ein aðalsöguhetjan í Vínlandssögum (Eiríks sögu rauða og Grænlendinga sögu).

Via Francigena (vegurinn til Rómar sem kemur frá Frakklandi) er ein elsta og vinsælasta pílagrímsleið í Evrópu. Leiðin liggur um 3.200 km frá Canterbury á Englandi, í gegnum Frakkland og Sviss til Rómaborgar á Ítalíu og áfram til Puglia á Ítalíu. Þaðan var svo höfn þar sem hægt var að fara um borð í skip og sigla til „Heilaga landsins“, Jerúsalem. Guðríður er talin hafa gengið leiðina frá Canterbury til Rómar.

Í þessari ferð ætlum við að ganga einn fallegasta hluta af þessari sögufrægu gönguleið, Via Francigena, eða um Toskana héraðið, frá San Miniato til Lucignano.

Gönguleiðin er auðveld yfirferðar og gengið er frá 10 – 20 km hvern dag. Við ætlum því fyrst og fremst að njóta í þessari ferð enda landslagið einstaklega fagurt.

Hápunktar ferðarinnar eru:

- Heimsókn til einnar af fegurstu borgum heims, Flórens
- Einstaklega fallegt landslag Toskana héraðsins
- Heillandi bæir sem eru á heimsmynjaskrá UNESCO, San Gimignano og Siena
- Ljúffengur ítalskur matur úr Toskana héraðinu

- Vínsmökkun á vínum héraðsins
- Gisting í litlum fjölskyldureknum gistiheimilum

Ferðin byrjar og endar í Róm og hægt er að framlengja ferðina og eiga nokkra daga í þessari fallegu og sögufrægu borg.

Dagskrá er í grófum dráttum þannig:
Dagur 1. Koma til Rómar og gist á hóteli við flugvöllinn. Lent er skömmu eftir miðnætti.

Dagur 2.
Morgunverður á hótelinu. Lagt af stað frá Róm um kl 10.00 til Flórens þar sem við fáum gönguferð með leiðsögn um bæinn.
Gist í Flórens.



Dagur 3.
Við tökum lest frá Flórens til San Miniato og verður hópnum ekið þaðan til Gambassi þar sem gangan hefst. Þennan fyrsta göngudag förum við 13, 5 km og endum við daginn á vínsmökkun í gömlu virki, Rocca.



Dagur 4.
Gengið frá San Gimignano að Colle Val d'Elsa, 12 km. Við göngum um og skoðum þennan bæ með leiðsögn og þeir sem vilja geta skoðað Crystal safnið. Ein mikilvægasta atvinnugrein í Colle er kristall og er um 15% af öllum kristal í heiminum framleiddur í borginni.



Dagur 5.
Gengið frá Colle Val d'Elsa að Monteriggioni, 16 km. Á leiðinni stoppum við hjá Massimo of fáum okkur kaffibolla og heimabakaða kökusneið. Það er skemmtileg upplifun að sitja á torginu seinni part dags og sjá þegar pílagrímarnir koma í þorpið.



Dagur 6.
Gengið frá Monteriggioni um 10 km þar sem við munum fá pílagrímshádegisverð í skóginum. Þaðan verður ekið með hópinn til Siena



Dagur 7. Gengið frá Siena til Lucignan d'Arbia 20 km og ekið til Rómar.



Flug upplýsingar:

FLUG MEÐ WIZZAIR

Beint flug með Wizz air frá KEF til Róm þann 21 maí kl. 19:45. Lent í Róm kl 02:25 +1

Beint flug með Wizz air frá Róm til KEF þann 28 maí kl. 16:00. Lent í Kef kl 19:05

Vegalengdir hvern dag:

Dagur 3 Gambassi – San Miniato	13,5 km
Dagur 4 San Gimignano – Colle Val d'Elsa	12,0 km
Dagur 5 Colle Val d'Elsa – Monteriggioni	16,0 km
Dagur 6 Frá Monteriggioni	10,0 km
Dagur 7 Siena – Lucignan d'Arbia	20,0 km
Samtals	71,5 km.

Erfiðleikastig:
ATH að gangan er mjög auðveld og litlar hækkanir. Þátttakendur í þessari ferð þurfa að geta gengið allt að km á dag.
Við metum þessa ferð í erfiðleikastigi sem 2 af 5.

Verð á mann kr. 294.500,-
Verð miðast við pr. mann í tveggja manna herbergi

Innifalið:
Gisting í Róm eina nótt í upphafi ferðar og eina nótt í lok ferðar
Gisting hverja nótt í Toskana héraðinu
Morgunverður
Allar máltíðir sem teknar eru fram í dagskrá ferðar
Flug með Wizz air
Akstur samkvæmt dagskrá